

## Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

76. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 14. apríl 2016

**Mætt:** Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann F. Þórhallsson, Steingrímur Karlsson og Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. F.h. Vatnajökulspjóðgarðs sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður og Stefanía Eir Vignisdóttir.

### Dagskrá:

1. Dagskrá og undirritun fundargerða
2. Skýrslur útgefnar af Landsvirkjun um heiðargæsir, áfok, landbrot og gróðurstyrkingu á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar.
3. Deiliskipulag Hátungur
5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
6. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 16.30.*

### 1. Dagskrá og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins, sem send hafði verið í tölvupósti fyrir fund. Engar athugasemdir gerðar við hana.

### 2. Skýrslur útgefnar af Landsvirkjun um heiðargæsir, áfok, landbrot og gróðurstyrkingu á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar.

Lögð fram skýrsla 2015-068 *Heiðargæsir á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar.*

Halldór W. Stefánsson frá Náttúrustofu Austurlands mætti til fundar og fór yfir efni skýrslunnar. Hann minnti á að skýrslur Náttúrustofunnar eru aðgengilegar á vef hennar. Heiðargæsastofninn telur nú í kringum 400.000 fugla og er þriðjungur stofnsins á Austurlandi. Verkefningu mun ljúka á árunum 2017-2018. Umræður og fyrirspurnir meðal fundarmanna.

Formaður þakkaði Halldóri komuna á fundinn og yfirgaf hann fundinn kl. 17:00.

Lagðar fram skýrslur 2015-115 *Landbrot á bökkum Háslóns í Kringilsárrana; 2015-106 Gróðurstyrking við Háslón og á Hraunum, Fljótsdalsheiði; Framkvæmdir og árangur 2015 og 2015-104 Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns: Áfangaskýrsla 2015.*

Til fundar mættu Rúnar Ingi Hjartarsson, Landgræðslu ríkisins og Árni Óðinsson frá Landsvirkjun. Rúnar Ingi greindi frá því að verkefni af því tagi er lýst er í skýrslunni væru langtímaverkefni. Fyrst og fremst hefði því verið beitt að gefa áburð. Markmiðið væri að svæðið yrði einsleitt, þ.e. ekki sæust mörk vegna rasks. Árni greindi frá samstarfi við Landgræðsluna í tengslum við ítarlega vöktun frá því að Háslón kom til. Rætt um landbrot í Kringilsárrana, sem fyrst og fremst kemur fram þar sem jarðvegur er. Einnig rætt um áfok og helstu áhrifavalda. Rætt um friðlandið í Kringilsárrana, sem er í umsjá þjóðgarðsins. Vinna er hafin hjá Umhverfissráðuneytinu við stjórnun og verndaráætlun fyrir Kringilsárrana.

Formaður þakkaði Rúnari Inga og Árna komuna á fundinn og yfirgáfu þeir fundinn kl. 18:15

### 3. Deiliskipulag Hátungur

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir stöðu deiliskipulags við Hátungur. Ekki náðist að afgreiða skipulagið innan tilskilins tímaramma. Unnið hefur verið að breytingum á skipulaginu vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun sem snéru m.a. að fyrirhuguðum mannsvikjum og fjölda bílastæða.

## **5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**

Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðuna í starfsmannamálum og gang mála varðandi ráðningar í sumar. Jafnframt var rædd staðan varðandi þjóðlendu við Snæfell, sem enn hefur ekki verið stofnuð í fasteingnaskrá. Jafnframt rætt um að þegar þjóðlenda verið stofnuð þarf þjóðgarðurinn að sækja um lóð fyrir Snæfellsskála.

## **6. Önnur mál**

Næsti fundur í svæðisráði austursvæðis verður miðvikudaginn 25.maí n.k.

*Fundi slitið kl. 19:00.*

Ruth Magnúsdóttir ritaði fundargerð